

f) hvern annan gerning, tilkynningu eða orðsendingu er varðar samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 5. febrúar 1992 í einu eintaki á ensku og einu eintaki á frönsku, sem verða afhent til vörslu í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textarnir jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum, staðfest endurrit.

f) any other act, notification or communication relating to this Convention.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Convention.

Done at Strasbourg, this 5th day of February 1992, in English and French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe and to any State invited to accede to this Convention.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs um samstarf í samkeppnismálum.

Samningur um breytingu á og aðild Svíþjóðar að samningnum milli Danmerkur, Íslands og Noregs frá 16. mars 2001 um samstarf í samkeppnismálum, sem gerður var í Helsinki 10. apríl 2003, öðlaðist gildi 15. febrúar 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/2003 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Búlgaríu.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild Lýðveldisins Búlgaríu, sem gerður var í Brussel 26. mars 2003, öðlaðist gildi 27. febrúar 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 36/2003 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.